

16

2. febr.

4. gr.
 Þeim hluta af arði sjóðsins, er eigi skal leggja við höfuðstólinn samkv. 3. gr., má verja á þessa leið:

- a. Til styrktar ungam námsmönnum, sem leggja stund á íslenska sagnfræði við Háskóla Íslands.
- b. Til rannsókna og rita um íslenska sögu og persónusögu, ásamt ættfræði.
- c. Til útgáfu rita um þau efni, sem getur í b-lið þessarar greinar, sérstaklega rita frá síðari öldum, eftir siðaskipti.

5. gr.

Háskólaráðið ræður úthlutun fjár úr sjóðnum, eftir tillögum heimspekisdeildar. Heimilt er að leggja saman og úthluta í einu tekjum fleiri ára en eins, ef slíkt þykir hagkvæmt.

6. gr.

Reikning sjóðsins skal gera árlega, og skal hann endurskoðaður með sama hætti sem reikningar annara sjóða háskólans. Reikninginn skal birta í árbók háskólans.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðindanna.

17

25. febr.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Ljósvetninga“, útgefin ad mandatum á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra 25. febr. 1938. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Ljósvetninga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Menningarsjóður Ljósvetninga“.

2. gr.

Sjóðurinn er eign sveitarfélags Ljósavatnshrepps í Suður-Dingeyjarsýslu, og má hagnýta hann aðeins á þann hátt sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

3. gr.

Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps hefir á hendi umsjón sjóðsins og reikningshald og gerir árlega fulla grein fyrir reikningum hans, bæði gagnvart sveitarmönnum og héraðsstjórn.

Fé sjóðsins — sem 31. des. 1937 nam kr. 1685.76 — skal ávaxta í Sparisjóði Kinnunga, í Landsbanka Íslands, í bankavaxtabréfum, rikisskuldabréfum eða jarðræktarbréfum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til náms, í bóklegum fræðum eða verklegum greinum, fáteka en efnilega unglinga, sem lögheimili eiga í Ljósavatnshreppi.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast óskertur þar til hann hefir náð 2000 — tvö þúsund — krónum. Eftir það skal ávalt leggja $\frac{1}{3}$ ársvaxta við höfuðstólinn, auk þess sem sjóðnum kann að hlotnast af öðrum tekjum: gjöfum, áheitum o. fl.

17

25. febr.

6. gr.

Þeim vöxtum sjóðsins sem ekki eru lagðir við höfuðstól, skal árlega verja sem menningarstyrk handa námfúsum, efnilegum og fátækum unglingum, einum eða fleiri, samkv. 4. gr.

7. gr.

Ár það sem sjóðurinn tekur til starfa skal á vorhreppaskilabingi Ljósavatnshrepps kjósa 3 menn í úthlutunarnefnd. Nefnd þessi tekur á móti umsóknum um styrk úr sjóðnum, úthlutar styrk og ávísar honum hjá sveitarstjórn. — Kosning nefndarmanna gildir til 4 ára í senn og fer fram samtímis hreppsnefndarkosningum. Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps kys 1 mann í úthlutunarnefnd, en kosningabærir sveitarmenn hina tvo. — Jafnan sé þess gætt, að í nefndinni eigi sæti 2 konur, sín úr hvorri kirkjusókn hreppsins (Ljósavatns- og Þóróddsstaðarsóknum).

Hver kjósandi er skyldur að taka kosningu og endurkosningu í úthlutunarnefnd, sem er heill heilsu og innan 60 ára að aldri. Nefndin vinnur kauplaust.

8. gr.

Umsókn um styrk úr sjóðnum sé komin til úthlutunarnefndar fyrir lok septembermánaðar ár hvert. Skal umsókn hverri fylgja vottorð um aldur, heimilisfang og námshæfileika, frá presti og kennara sveitarinnar, einnig meðmæli tveggja heiðvirðra karla eða kvenna í sveitinni.

9. gr.

Nú er það almennur vilji sveitarmanna að breyta að einhverju leyti þessari skipulagsskrá og er það heimilt, þó því aðeins að í engu sé breytt 1.—4. gr. hér að framan.

Ljósavatnshreppi, 4. janúar 1938.

F. h. sveitarfélags Ljósavatnshrepps.

Kristbjörg Marteinsdóttir. Sig. Sigurðsson. Baldvin Baldvinsson.

REGLUGERÐ

um borgun tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs af kaupum skattgreiðanda.

18

28. febr.

1. gr.

Nú eru skilyrði til lögtaks á tekju- eða eignarskatti til ríkissjóðs fyrir hendi, og er þá heimilt að láta borga hinn vangoldna skatt af launum skattgreiðanda, er hann tekur af almanna fé, eða kaupum því, er hann á rétt á hjá öðrum, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í reglugerð þessari, án tillits til þess, hvort skattgreiðandi getur bent á næga muni til lögtaks eða ekki.

2. gr.

Heimilt er fólga að kveða á um borgun skatta samkvæmt framansögðu á heimili skattgreiðanda, sé hann þar sjálfur mættur, eða einhver af hans hálfu, sem gefið getur skýrslu um heimilishagi hans, sbr. 3. mgr. 3. gr., og atriði þau, sem getið er í 4. mgr. greinar þessarar.